

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 157/2016

2018/EES/16/24

frá 8. júlí 2016

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdstjórnarinnar (ESB) 2015/1787 frá 6. október 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun ráðsins 98/83/EB um gæði neysluvatns ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 7a (tilskipun ráðsins 98/83/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32015 L 1787**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1787 frá 6. október 2015 (Stjtíð. ESB L 260, 7.10.2015, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2015/1787, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 260, 7.10.2015, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.